

## Fundargerð

### 182. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Priðjudaginn 26. mars 2013 kl. 12<sup>15</sup>–13<sup>10</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Gestur: Kjartan Ingvarsson (KI) lögfr. UAR  
Halldór Haraldsson (HH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Umbúðir úr gleri og málm
- (3) Skilyrði Samkeppniseftirlistins vegna smurolúsöfnunar
- (4) Þjónustuaðili spilliefni
- (5) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (181. fundar).

#### 2. Umbúðir úr gleri og málm

GGÞ fór yfir það að á fundi með framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs og UAR síðast liðið haust kom fram hjá ráðuneytinu vilji til að leggja úrvinnslugjald á aðrar gler- og málmumbúðir en þær sem eru með skilagjaldi.

Kjartan Ingvarsson (KI), lögfræðingur UAR mætti á fundinn til að ræða þessi mál.

GGÞ fór yfir það að samkvæmt tilskipun ESB um endurnýtingu og endurvinnslu á umbúðum eru sett markmið um hlutfall umbúða sem skulu fara í endurnýtingu og endurvinnslu í sjö flokkum umbúða.

ÓK fór yfir stöðu mála vegna málm- og glerumbúða. Lagðar voru fram tölur um magn þessara umbúða eftir innflutningstölum sem teknar eru út úr tollskrá og notast við reiknilíkan hannað af Logisys í Danmörku. Þetta er sama líkan og notað er við að leggja á umbúðir úr pappa og plasti. ÓK sagði frá því að Sorpa er að ná út úr heimilissorpi dósnum og öðrum málmumbúðum með seglun í móttökustöð sinni í Gufunesi.

KI sagði að Ísland væri nálægt því að uppfylla markmið tilskipunar ESB um meðhöndlun umbúðaúrgangs. Æskilegt væri að ná jafnvel meiri árangri en koma fram í markmiðum ESB. Líkast til væri ákjósanlegt að leggja á þessa umbúðaflokka úrvinnslugjald, en það yrði að koma tillaga frá Úrvinnslusjóði. Stjórn ræddi hugmynd um að ná meiri árangri en markmið ESB. Hver yrði kostnaðurinn, þar sem hann eykst meira eftir því sem markmiðin eru hærri. Einnig var rætt um kostnað við endurvinnslu á gleri sem ekki er til staðar á Íslandi í dag. Flytja þyrfti glerumbúðir til útlanda í endurvinnslu.

KI sagði að á næsta ári yrði sett í reglugerð ákvæði til að minnka úrgang sem fer til urðunar. Það mun leiða af sér að finna þurfi farvegi fyrir úrgang til að komast hjá urðun. Það mun leiða af sér að endurnýting mun aukast og kröfur til flokkunar aukast.

### **3. Skilyrði Samkeppniseftirlitsins vegna smurolúsöfnunar**

Í framhaldi af fundi Samkeppniseftirlitsins (SKE) með stjórn Úrvinnslusjóðs, 181. fundi, og minnisblaðs olúfélaganna um samskipti sín á milli, sem lagt var fram á sama fundi.

Minnisblaðið var í tengslum við söfnun úrgangsolúu. Lögð voru fram á fundinum ný drög að skilyrðum sem SKE hefur útbúið.

Skilyrðin snúa aðeins að olúfélögunum en ekki að Úrvinnslusjóði.

### **4. Þjónustuaðili spilliefni**

Lögð fram umsókn Gámaþjónustu Norðurlands um að gerast þjónustuaðili í vöruflokkum spilliefna.

*Samþykkt.*

### **5. Önnur mál**

Engin

Næsti fundur ákveðinn 16.apríl 2013.

Fundi slitið kl 13:10